



Skipulagsnefnd –18.01.2016

20. fundur

18. janúar 2016 kl. 10:00-11:30

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð.

Fundarmenn:

Guðrún Brynleifsdóttir (varaformaður)

Birgir Steingrímsson

Margrét Hólm Valsdóttir (varamaður í fjarveru Helga Héðinssonar)

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjafín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi.*
2. *Vogar 1. Deiliskipulag.*
3. *Sprengisandslína, Kröflulína 3 og 4 o.fl. framkvæmdir. Fyrirspurn um sameiginlegt umhverfismat.*
4. *Skútustaðir 2B. Umsókn um stofnun lóða.*
5. *Kistufell í Skútustaðahreppi. Umsókn um stofnun lóðar.*
6. *Drekagil í Skútustaðahreppi. Umsókn um stofnun lóða.*
7. *Reykjahlíð 2. Umsókn um stofnun lóðarluta í óskiptu landi.*
8. *Reykjahlíð 4. Umsókn um stofnun lóðarluta í óskiptu landi.*
9. *Hótellóð í landi Grímsstaða. Kynning á tillöguteikningum.*

1. **Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi** S20150601

Tekið fyrir að nýju erindi frá Auði Andrésdóttur f.h. Neyðarlínunnar ohf þar sem óskað var eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að vinna deiliskipulag vegna 8-10 KW smávirkjunar við Vaðöldu skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu dags. í júní 2015. Erindið var síðast á dagskrá nefndarinnar þann 9. desember s.l.

B.R.

G. B.

Neyðarlínan ohf. fyrirhugar að byggja litla heimarafstöð sunnan við Vaðöldu í Skútustaðahreppi. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar þarf að vinna deiliskipulag vegna þessa til að geta gefið út framkvæmda- og byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Umsækjanda var heimilað á fundi skipulagsnefndar 23. júní s.l. að vinna deiliskipulags skv. umræddri skipulagslýsingu og var leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemda- og umsagnarfrestur var frá og með 9. júlí til og með 30. júlí s.l.

Umsagnir og/eða athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Forsætisráðuneytinu, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun (UST), og Hjörleifi Gottormssyni. Skipulagsstofnun og Vegagerðin gerðu ekki athugasemdir við lýsinguna. Athugasemdir bárust frá Vatnajökulspjóðgarði og Landvernd eftir að umsagnarfresti lauk.

Í athugasemdum sem bárust er bent á að kanna aðra staðsetningu heimarafstöðvar og aðra virkjunarkosti sem hafi minni umhverfisáhrif en vatnsaflsvirkjun. Vettvangsferð var farin á framkvæmdasvæðið í ágúst 2015. Þátttakendur voru fulltrúar Neyðarlínunnar, Mannvits, Vatnajökulspjóðgarðs og Skútustaðahrepps. Í ferðinni komu fram ábendingar og tillögur sem tekið hefur verið tillit til varðandi frekari útfærslu á fyrirkomulagi, staðsetningu og umfangi mannvirkja og þannig dregið úr umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Innkomin ný gögn dags. 1. desember 2015, tillaga að deiliskipulagi, uppdráttur með greinargerð þar sem búið er að taka tillit til athugasemda sem bárust við skipulagslýsingu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti tillögu að deiliskipulagi á opnu húsi 11. janúar s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki komu fram neinar athugasemdir við tillöguna.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún heimili að tillgan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falin málsmeðferð vegna auglýsingarinnar eins og skipulagslög mæla fyrir um.

2. Vogar 1. Deiliskipulag.

S20150501

Tekið fyrir að nýju erindi dags 18. maí 2015 frá Ólöfu Þ. Hallgrímsdóttur f.h. landeigenda Voga 1 þar sem óskað var eftir heimild sveitarstjórnar til að láta vinna deiliskipulag á jörðinni á sinn kostnað skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í Vogum I er nú rekin ferðapjónusta sem fyrirhugað er að bæta með fjölgun gistihúsa. Einnig er áformað að skipuleggja lóðir fyrir frístundahús og reisa eitt hús vestan þjóðvegur.

Gerð var grein fyrir viðfangsefnum deiliskipulagsins og helstu forsendum þess í meðfylgjandi deiliskipulagslýsingu frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. dags. 18. maí 2015.

B.R.

G.B.

Sveitarstjórn heimilað umsækjanda 27. maí s.l. að vinna deiliskipulag á sinn kostnað og var skipulagslýsing skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmuna- og umsagnaraðilum frá og með 4. júní til og með 25. júní 2015. Athugasemdir/umsagnir bárust frá Þórhalli Kristjánssyni, Guðna Rúnari Helgasyni, Vegagerðinni, Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.

Athugasemdum var komið á framfæri við skipulagsráðgjafa og var brugðist við þeim eins og kostur var í tillögu að deiliskipulagi frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf, sem barst 13. janúar 2015.

Skipulagsnefnd ítrekar fyrri afstöðu sína varðandi heildarskipulag þéttbýlisins í Vogum þá sérstaklega vatnsmegin vegar. Nefndin gerir þó ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna og forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

3. Sprengisandslína, Kröflulína 3 og 4 o.fl. framkvæmdir. Fyrirspurn um sameiginlegt umhverfismat.
S20151204

Á fundi sveitarstjórnar þann 15. desember 2015 var eftirfarandi erindi vísað til umsagnar skipulagsnefndar:

Fyrir liggur tillaga að matsáætlun um Sprengisandslínu og erindi frá Jakobi Gunnarssyni f.h. Skipulagsstofnunar, dags. 4. desember 2015 þar sem óskað er eftir afstöðu Skútustaðahrepps um hvort Sprengisandslína og aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir s.s. Kröflulína 3. og 4. auk annarra framkvæmda eigi að fara í sameiginlegt umhverfismat í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún álykti að umræddar framkvæmdir séu í heild sinni háðar sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000.

4. Skútustaðir 2B. Umsókn um stofnun lóða
S20151202

Erindi dags 10. desember 2015 frá Birni Yngvasyni, Skútustöðum 2B, þar sem hann sækir um heimild til að stofna tvær lóðir út úr jörðinni Skútustöðum 2B, aðra undir núverandi íbúðarhúsi og hina undir núverandi sumarhúsi. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettir lóðauppdrættir og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðanna og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðirnar í fasteignagrunni Þjóðskrár.

J.P.

A.B.

5. Kistufell í Skútustaðahreppi. Stofnun lóðar.

S20151102

Erindi dags 16. desember 2015 frá forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna lóð undir neyðarskýli í Þjóðlendu við Kistufell. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur lóðaruppdráttur og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

6. Drekgil í Skútustaðahreppi. Stofnun lóða.

S20151203

Erindi dags 16. desember 2015 frá forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna fjórar lóðir í Þjóðlendu við Drekgil. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettir lóðauppdrættir frá Eflu verkfræðistofu og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðanna og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðirnar í fasteignagrunni Þjóðskrár.

7. Reykjahlíð 2. Umsókn um stofnun lóðarluta í óskiptu landi.

S20160101

Erindi dags 13. janúar 2015 frá Guðmundi Tryggva Sigurðssyni, f.h. landeigenda Reykjahlíðar 2 þar sem sótt er um heimild til að stofna lóðarluta í óskiptu landi Reykjahlíðar 2 og 4 til stækkunar lóðar Hótel Reykjahlíðar. Meðfylgjandi eru hnitsett lóðarblað frá Búgarði og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá með undirrituðu samþykki landeigenda.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðarhlutann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

8. Reykjahlíð 4. Umsókn um stofnun lóðarluta í óskiptu landi.

S20160102

Erindi dags 13. janúar 2015 frá Guðmundi Tryggva Sigurðssyni, f.h. landeigenda Reykjahlíðar 4 þar sem sótt er um heimild til að stofna lóðarluta í óskiptu landi Reykjahlíðar 2 og 4 til stækkunar lóðar Hótel Reykjahlíðar. Meðfylgjandi eru hnitsett lóðarblað frá Búgarði og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá með undirrituðu samþykki

J.P.
G.B.

landeigenda.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðarhlutann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

9. Hótelldó í landi Grímsstaða. Kynning á tillöguteikningum.
S20130101

Lagðar fram til kynningar tillöguteikningar af hótélbyggingu á Flatskalla frá Basalt arkitektum. Á afstöðumynd hefur legu aðkomuvegar verið breytt lítillega á litlum kafla svo hæðarlega hans falli betur að landi.

Skipulagsnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við tillöguteikningarnar á þessu stigi og tekur undir þau sjónarmiða að breytt lega aðkomuvegar sé til bóta m.t.t. aðlögunar að landi. Nefndin telur jafnframt umrædda breytingu á legu aðkomuvegar innan skekkjumarka deiliskipulagins þar sem umrædd breyting varði ekki hagsmuni annarra en framkvæmdaaðila sjálfs.

Fundi slitið.

Andrúna Brykja
Pétur Jónsson
Þingur Steingrímsson
Magnúður Veldi
Selma Þ. Ásmundsdóttir